



NORÐURLANDSSKÓGAR

# Ársskýrsla 2002

NORÐURLANDSSKÓGAR



## **Efnisyfirlit**

<b>Samantekt</b>	<b>2</b>
<b>Tíðarfar og vöxtur</b>	<b>2</b>
<b>Stjórn og starfsmenn</b>	<b>2</b>
<b>Samningar</b>	<b>2</b>
<b>Námskeið og kynning</b>	<b>2</b>
<b>Áhöld og tæki</b>	<b>3</b>
<b>Plöntukaup</b>	<b>3</b>
<b>Fjármál</b>	<b>3</b>
<i>Skógrækt</i>	4
<i>Skjólbelti</i>	7
<b>Eyjafjarðarsýsla – Samantekt</b>	<b>9</b>
<b>Pingeyjarsýslur – Samantekt</b>	<b>11</b>
<b>Skagafjarðarsýsla – samantekt</b>	<b>16</b>
<b>Austur- og Vestur Húnavatnssýsla – samantekt</b>	<b>19</b>
<b>Fundargerðir Stjórnar Norðurlandsskóga</b>	<b>22</b>
<b>Ársreikningur 2002</b>	<b>33</b>

## **Samantekt**

Þetta ár einkenndist af fjárskorti og aðhaldsaðgerðum þar sem fjárveitingar ársins voru langt undir væntingum. Kortlagðar voru 27 jarðir í sumar í þeirri von að fjárveitingar ársins 2003 yrðu okkur hagstæðari. Öllum framkvæmdum sem hægt var að fresta var frestað sökum fjárskorts. Grisjun, tvítoppklippingar og slóðagerð var engin og einnig var nær allri jarðvinnslu frestað fram yfir áramót. Engar nýjar jarðir voru teknar inn í verkefnið fyrr en í desember þegar ljóst var að talsverð aukning yrði á fjárveitingum til verkefnisins.

Gróðursettar voru um 740.000 plöntur á vegum verkefnisins og gengu framkvæmdir vel.

## **Tíðarfar og vöxtur**

Tíðarfar var mjög hagstætt gróðri og vöxtur óvenju góður. Sumarið var rakt og sólarlítið. Haustið var sérstaklega gott og snjólaust fram að áramótum.

## **Stjórn og starfsmenn**

Stjórn Norðurlandsskóga skipa sem fyrr þeir : Stefán Guðmundsson f.h. landbúnaðarráðherra, Davíð Guðmundsson f.h. Félags skógarbænda á Norðurlandi, Sigurður Skúlason f.h. Skógræktar ríkisins og Þorvaldur Böðvarsson f.h. Skógræktarfélagi á Norðurlandi.

Starfsmenn eru þeir sömu og áður. Guðríður Baldvinsdóttir skógfræðingur er svæðisstjóri í Þingeyjarsýslum, Johan W. Holst skógfræðingur er svæðisstjóri í Skagafirði og Húnavatnssýslum og Valgerður Jónsdóttir garðyrkjutækni-fræðingur er svæðisstjóri í Eyjafirði og Fnjóskadal. Sigrún Sigurjónsdóttir framkvæmdarstjóri fór í ársleyfi um mitt ár og er væntanleg til starfa í byrjun september 2003. Valgerður Jónsdóttir gegnir starfi framkvæmdarstjóra í leyfi Sigrúnar.

Sumarstarfsmaður í Húnavatnssýslum var Ólöf Sigurbjartsdóttir garðyrkjufraeðingur.

## **Samningar**

Framlengdir voru plöntuframleiðslusamningar við Gróðrarstöðina í Kjarna og Barra hf.

## **Námskeið og kynning**

Norðurlandsskógar gerðu samstarfssamning við Garðyrkjuskóla ríkisins, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins um heildstæða skógræktar- og landgræðslufræðslu í allt að þrjú ár (sex annir) fyrir skógarbændur á Norðurlandi undir yfirskriftinni; “Grænni skógar á Norðurlandi”. Áhugi fyrir þessari námskeiðaröð var mjög mikill og 28 skógarbændur á svæðinu skráðu sig í námið en sambærilegt nám er í gangi á Suðurlandi, sem hefur gefist mjög vel.

Markmið fræðslunnar er að gera þátttakendur betur í stakk búna til að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd skógræktar og landgræðslu á bújörðum með það að markmiði að auka land- og búsetugæði, verðgildi og fjölpætt notagildi í eigu og/eða umsjón skógarbænda. Náminu er ætlað að nýtast þeim sem stunda eða hyggjast stunda skógrækt og landgræðslu, einkum skógarbændur og þá sem þjónusta landshlutabundin

skógræktarverkefni. Námskeiðin eru metin til eininga á framhaldsskólastigi og lýkur með sérstakri viðurkenningu frá Garðyrkjuskólanum.

Tvö fyrstu námskeiðin í Grænni skóga námskeiðaröðini voru haldin í haust og mæltust afar vel fyrir á meðal þátttakenda.

Haldin voru grunnnámskeið í skógrækt í samvinnu við skógrækt ríkisins og Garðyrkjuskólann, á Húsavík, Akureyri, Sauðárkróki og Blönduósi. Alls sóttu þessi námskeið um 60 manns.

Norðurlandsskógar buðu starfsmönnum landshlutabundnu skógræktarverkefnanna í kynnisferð í byrjun júlí. Skoðaðir voru skógar og skógrækt í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Starfsmenn Norðurlandsskóga héldu kynningar og fræðslufyrirlestra við ýmis tilfelli á árinu og sóttu fundi og ráðstefnur.

### **Áhöld og tæki**

Keyptir voru gróðursetningastafir og plöntubelti sem afhentir voru þeim skógarbændum sem ekki höfðu fengið slík áhöld áður.

### **Plöntukaup**

Á þessu ári voru keyptar um 318.000 plöntur af Garðyrkjustöðinni á Grísará, um 236.000 af Gróðrarstöðinni Barra, um 150.000 af Gróðrarstöðinni í Kjarna og um 38.000 frá Skógræktinni á Vöglum.

### **Fjármál**

Engin aukning var á fjárveitingu á milli ára og 50 miljónir komu í hlut verkefnisins eins og árið áður. Allar áætlanir varðandi plöntukaup og fleira höfðu þó miðast við talsverða aukningu fjármagns. Í lok ársins fengust 6 miljónir á aukafjárlögum. Með mikilli aðhaldssemi og frestun á öllum framkvæmdum sem hægt var tókst þó að ljúka árinu án teljandi halla.

## Framkvæmdir – heildaryfirlit

### Skógrækt


Alls var gróðursett á 68 jörðum á vegum Norðurlandsskóga.

### Heildargróðursetning


Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Árgerði		1480			1520			4410	7410
Ásláksstaðir				3720				1925	5645
Bakki		2120	40	1800	4560				8520
Barkarstaðir			240	560	9000			245	10045
Brekka		960	240		7960				9160
Brekkulækur					5040				5040
Brennigerði		1008			1960				2968
Brimnes			2240		8680			175	11095
Dalsmynni			3800	520	4080			3710	12110
Draflastaðir		840			2200			0	3040
Dæli		1000	1160	2960	4800				9920
Egilsá	4	1						35	40
Engihlíð		400	1000	1000	1000			980	4380
Espihóll		1008	480		8000			1015	10503
Flaga					3600				3600
Fosshóll			2000		1920				3920
Garðakot		600			3000			0	3600
Garður 1		3000	160		20861				24021
Gauksmýri		1600			2033				3633
Gautland			3000		7000				10000
Gautlönd		1008						0	1008
Geldingsá			120	1000	800				1920
Glæsibær		3280	2640	7000	17640			2520	33080
Hamar		10016	11940	13320	32100			4755	72131
Hesjuvellir			560		560			3395	4515
Hjaltastaðir		328	680		8040				9048
Hof		3208	280	560	13200			315	17563
Hólsgerði			600		1920				2520
Hrafnstaðir		1592	520	160	2800				5072
Hróarsstaðir			80	1720	9920				11720
Hvammur				2000	14000				16000
Jódísarstaðir					2000	35		805	2840
Kagaðarhóll			2000	2000	3000			1015	8015
Kárhóll		192			10000			175	10367
Krithóll 2		840	616	4200	18200			665	24521
Kúskerpi		2408		4000	2000				8408
Landamót		2088		2000	4400				8488
Laugaból		120		1480					1600
Laugafell		288	480	2040	1800			420	5028
Leifsstaðir		872	120	800	1240	20	105	455	3612
Litla-Búrfell		2016						0	2016
Litlaströnd		1368						0	1368
Lón 2		2368	400		13291				16059
Marbæli		2000	1280		7000			1995	12275
Meðalheimur		2120	1800		7000				10920

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Melar		1000		1000	1000			1015	4015
Melar/Hjarðarholt		400			5400			0	5800
Merkigarður			1000	2000	4960			4035	11995
Narfastaðir		264	5720	1000	16960	20	50	1015	25029
Nautabú		2400	2000	3000	8000			1015	16415
Neðri-Ás 1		2000	2720	2720	8000			770	16210
Páfastaðir					13000				13000
Pálmholt		1088	5160		8160				14408
Saurbær		2680			12360			420	15460
Silfrastaðir		8592	1200	4800	37600			1750	53942
Skjaldarstaðir			720		9520				10240
Snartarstaðir 2		2520	400	1200	9360		250		13730
Steðji					1500			0	1500
Stóra-Búrfell		1280	4680		3000			1190	10150
Syðra-Hvarf		961	1440		2400				4801
Syðra-Laugaland		560			560				1120
Syðri-Hagi		1120			1200				2320
Syðri-Mælifellsá		1848	160		2000				4008
Valbjófsstaðir 1		1648			8000	12			9660
Ytra-Kálfsskinn					5600				5600
Þverá 2					2000				2000
Ærlækur		1288			3760				5048
Öngulstaðir 2			200	6640	3200				10040
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>79778</b>	<b>63876</b>	<b>75200</b>	<b>435665</b>	<b>87</b>	<b>405</b>	<b>40220</b>	<b>695235</b>


### Fjöldi jarða sem gróðursett var á – skipting eftir sýslum




### Hlutfallsskipting milli tegunda Skógrækt og skjólbelti



### Skógrækt og skjólbelti Skipting plantna milli sýslna



### Skógrækt og skjólbelti skipting milli tegunda



## Skjólbelti


Skjólbelti voru ræktuð á 50 jörðum á vegum Norðurlandsskóga.

Jörð	Annað	Birki	Greni	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Árdalur	72	47			236		355
Ártún					900	100	1000
Áshóll					100	90	190
Ásláksstaðir		15	30		30	15	90
Ásláksstaðir ehf.		20	171	35	1036	162	1424
Bessastaðir		135			538	135	808
Björg	18		105	18	895	105	1141
Brúnastaðir					420		420
Dalsmynni	180			35	989	142	1346
Einarsstaðir 2	20				1365	175	1560
Engihlíð				87	2870	262	3219
Espihóll					90		90
Eyjófsstaðir	75	3					78
Garðhús		306	32		2972	75	3385
Garður		142			1236	50	1428
Garður 1				35	1435		1470
Gauksmýri	167	179	251		1569	52	2218
Grytubakki 1		160			1280		1440
Hallgilsstaðir				75	675	150	900
Háls	80					175	255
Hjaltastaðir			67		1396	70	1533
Hléskógar					1332	351	1683
Hof	80		156	35	1306	193	1770
Hóll	10	105		5	695	15	830
Hólsgerði		95	170	20	539	95	919
Hrafnstaðir	66				442	50	558
Kálfsárkot	320		75				395
Klauf	40	40				35	115
Landamót				9	633	70	712
Lón 2					420		420
Melar			75		961	75	1111
Merkigarður					350		350
Miðhóp	420	160			316		896
Nautabú				35	315		350
Neðri-Ás 1				35	895		930
Ófeigsstaðir					400	20	420
Rangá					301	20	321
Reykir 2					1780	590	2370
Sandfellsbúi 2		45			595	79	719
Sigtún		88			1515	75	1678
Sólbakki	97	290			826		1213
Spónsgerði	10	30					40
Sveinungsvík					1222		1222
Syðra-Kolugil	47	168	112		215	38	580
Vaglir		70			685	70	825
Víðigerði					300		300
Ytra-Áland					105		105
Ytra-Lón					140		140
Ytri-Bægisá 2		15	15		70		100




Ærlækur			23	23	973	35	1054
<b>Samtals</b>	<b>1702</b>	<b>2113</b>	<b>1282</b>	<b>447</b>	<b>37363</b>	<b>3569</b>	<b>46476</b>

### Skipting skjólbeltaplantna eftir tegundum



### Fjöldi skjólbeltaplantna - skipting á milli sýslna



## Eyjafjarðarsýsla – Samantekt

Alls eru 25 jarðir í Eyjafirði þátttakendur í Norðurlandsskógaverkefninu.

### Skógrækt

Gróðursett var á 16 jörðum og gengu framkvæmdir vel. Sökum fjárskorts var ekkert unnið við tvítoppklippingar né grisjun en báðum þessum verkþáttum er orðið brýnt að sinna á nokkrum jörðum. Kortlagðar voru 3 jarðir í sumari og þær síðan formlega teknar inn í verkefnið í árslok.

### **Vorgróðursetning**

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir			3720		1925	5645
Espihóll		480		5000	1015	6495
Flaga				3600		3600
Geldingsá		120		800		920
Glæsibær	3280	2640	7000	13640	2520	29080
Hesjuvellir		560		560	3395	4515
Hvammur			1000			1000
Skjaldarstaðir		720		7040		7760
Syðra-Hvarf	961	1440		2400		4801
Syðra-Laugaland	560			560		1120
Syðri-Hagi	1120			1200		2320
Ytra-Kálfsskinn				2600		2600
Öngulstaðir 2			6640			6640
<b>Samtals</b>	<b>5921</b>	<b>5960</b>	<b>18360</b>	<b>37400</b>	<b>8855</b>	<b>76496</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1480</b>	<b>993</b>	<b>4590</b>	<b>3740</b>	<b>2214</b>	<b>5884</b>


### **Haustgróðursetning**

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Samtals
Espihóll	1008			3000	4008
Geldingsá			1000		1000
Glæsibær				4000	4000
Hólsgerði		600		1920	2520
Hvammur			1000	14000	15000
Skjaldarstaðir				2480	2480
Steðji				1500	1500
Ytra-Kálfsskinn				3000	3000
Þverá 2				2000	2000
Öngulstaðir 2		200		3200	3400
<b>Samtals</b>	<b>1008</b>	<b>800</b>	<b>2000</b>	<b>35100</b>	<b>38908</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1008</b>	<b>400</b>	<b>1000</b>	<b>3900</b>	<b>3891</b>

## Heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir			3720		1925	5645
Espihóll	1008	480		8000	1015	10503
Flaga				3600		3600
Geldingsá		120	1000	800		1920
Glæsibær	3280	2640	7000	17640	2520	33080
Hesjuvellir		560		560	3395	4515
Hólsgærði		600		1920		2520
Hvammur			2000	14000		16000
Skjaldarstaðir		720		9520		10240
Steðji				1500	0	1500
Syðra-Hvarf	961	1440		2400		4801
Syðra-Laugaland	560			560		1120
Syðri-Hagi	1120			1200		2320
Ytra-Kálfsskinn				5600		5600
Þverá 2				2000		2000
Öngulstaðir 2		200	6640	3200		10040
<b>Samtals</b>	<b>6929</b>	<b>6760</b>	<b>20360</b>	<b>72500</b>	<b>8855</b>	<b>115404</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1386</b>	<b>845</b>	<b>4072</b>	<b>4833</b>	<b>1771</b>	<b>7213</b>

## Skipting milli tegunda



## Skjólbeltarækt

Á þessu ári voru ræktuð skjólbelti á 11 jörðum á vegum Norðurlandsskóga.

Jörð	Annað	Birki	Greni	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ásláksstaðir		15	30		30	15	90
Ásláksstaðir ehf.		20	171	35	1036	162	1424
Espihóll					90		90
Hólsgærði		95	170	20	539	95	919
Kálfarsárkot	320		75				395
Klauf	40	40				35	115
Sigtún		88			1515	75	1678
Spónsgærði	10	30					40
Vaglir		70			685	70	825
Víðigerði					300		300
Ytri-Bægisá 2		15	15		70		100
<b>Samtals</b>	<b>370</b>	<b>373</b>	<b>461</b>	<b>55</b>	<b>4265</b>	<b>452</b>	<b>5976</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>123</b>	<b>47</b>	<b>92</b>	<b>28</b>	<b>533</b>	<b>75</b>	<b>543</b>

## Pingeyjarsýslur – Samantekt

Alls eru 40 jarðir í Pingeyjarsýslum þátttakendur í Norðurlandsskógaverkefninu

### Skógrækt

Gróðursett var á 22 jörðum og gengu framkvæmdir nokkuð vel, þó upp hafi komið barrfellir í vorgróðursettu lerki. Fjöldi gróðursettra plantna nærri tvöfaldaðist miðað við árið á undan eða úr tæplega 120 000 plöntum í 220 000. Ekki var unnið við tvítoppklippingar né grisjun vegna fjárskorts, en brýnt er að sinna hvoru tveggja á jörðum þar sem lengst hefur verið stunduð skógrækt. Jarðvinnsla var einnig í lágmarki vegna fjárskorts.

Kortlagðar voru 11 jarðir í sumar og þær síðan formlega teknar inn í verkefnið í árslok.

### Suður-Pingeyjarsýsla

#### Vorgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Hjaltastaðir	328	680		4640				5648
Hrafnstaðir	1592	520	160	2800				5072
Hróarsstaðir		80	1720	9920				11720
Jódísarstaðir				2000	35		805	2840
Kárhóll	192			10000			175	10367
Landamót	168		2000	1400				3568
Laugaból	120		1480					1600
Laugafell	288	480	2040	1800			420	5028
Meðalheimur	2120	1800		7000				10920
Narfastaðir	264	5720	1000	10360	20	50	1015	18429
Pálmholt	168	5160		5160				10488
<b>Samtals</b>	<b>3128</b>	<b>13160</b>	<b>6520</b>	<b>25720</b>	<b>20</b>	<b>50</b>	<b>1435</b>	<b>85680</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>348</b>	<b>1880</b>	<b>1087</b>	<b>2572</b>	<b>10</b>	<b>50</b>	<b>359</b>	<b>7789</b>


#### Hautgróðursetning

Jörð	Birki	Lerki	Samtals
Draflastaðir	840	2200	3040
Gautlönd	1008		1008
Hjaltastaðir		3400	3400
Landamót	1920	3000	4920
Litlaströnd	1368		1368
Melar/Hjarðarholt	400	5400	5800
Narfastaðir		6600	6600
Pálmholt	920	3000	3920
<b>Samtals</b>	<b>6456</b>	<b>23600</b>	<b>30056</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1076</b>	<b>3933</b>	<b>3757</b>

## Heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Draflastaðir	840			2200			0	3040
Gautlönd	1008						0	1008
Hjaltastaðir	328	680		8040				9048
Hrafnstaðir	1592	520	160	2800				5072
Hróarsstaðir		80	1720	9920				11720
Jódísarstaðir				2000	35		805	2840
Kárhóll	192			10000			175	10367
Landamót	2088		2000	4400				8488
Laugaból	120		1480					1600
Laugafell	288	480	2040	1800			420	5028
Litlaströnd	1368						0	1368
Meðalheimur	2120	1800		7000				10920
Melar/Hjarðarholt	400			5400			0	5800
Narfastaðir	264	5720	1000	16960	20	50	1015	25029
Pálmholt	1088	5160		8160				14408
<b>Samtals</b>	<b>11696</b>	<b>14440</b>	<b>8400</b>	<b>78680</b>	<b>55</b>	<b>50</b>	<b>2415</b>	<b>115736</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>900</b>	<b>2063</b>	<b>1400</b>	<b>6557</b>	<b>28</b>	<b>50</b>	<b>302</b>	<b>7716</b>

## Skipting milli tegunda



## Norður-Þingeyjarsýsla

### Vorgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Brekka	360	240		5560				6160
Garður 1	2080	160		11581				13821
Leifsstaðir	680	120	800	1080	20	105	455	3260
Lón 2	1120			8811				9931
Snartarstaðir 2	600		600	3480		250		4930
Valbjófsstaðir 1	1240			3000	12			4252
Ærlækur	760			1960				2720
<b>Samtals</b>	<b>6840</b>	<b>520</b>	<b>1400</b>	<b>35472</b>	<b>32</b>	<b>355</b>	<b>455</b>	<b>45074</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>977</b>	<b>173</b>	<b>700</b>	<b>5067</b>	<b>16</b>	<b>178</b>	<b>455</b>	<b>6439</b>


### Haustgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Samtals
Brekka	600			2400	3000
Garður 1	920			9280	10200
Leifsstaðir	192			160	352
Lón 2	1248	400		4480	6128
Snartarstaðir 2	1920	400	600	5880	8800
Valbjófsstaðir 1	408			5000	5408
Ærlækur	528			1800	2328
<b>Samtals</b>	<b>5816</b>	<b>800</b>	<b>600</b>	<b>29000</b>	<b>36216</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>831</b>	<b>400</b>	<b>600</b>	<b>4143</b>	<b>5174</b>

## Heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Brekka	960	240		7960				9160
Garður 1	3000	160		20861				24021
Leifsstaðir	872	120	800	1240	20	105	455	3612
Lón 2	2368	400		13291				16059
Snartarstaðir 2	2520	400	1200	9360		250		13730
Valbjófsstaðir 1	1648			8000	12			9660
Ærlækur	1288			3760				5048
<b>Samtals</b>	<b>12656</b>	<b>1320</b>	<b>2000</b>	<b>64472</b>	<b>32</b>	<b>355</b>	<b>455</b>	<b>81290</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1808</b>	<b>264</b>	<b>1000</b>	<b>9210</b>	<b>16</b>	<b>178</b>	<b>455</b>	<b>11613</b>

## Skipting milli tegunda



## Skjólbeltarækt

Mjög mikil aukning varð á fjölda gróðursettra plantna í skjólbeltarækt í S-Þing, en stóð í stað í N-Þing.

Á þessu ári voru ræktuð skjólbelti á 24 jörðum, 7 fleiri enn á fyrra ári.

Kortlagðar voru 3 jarðir í Þingeyjarsýslum mtt. skjólbeltaræktunar.

### **Suður-Þingeyjarsýsla - skjólbelti**

Jörð	Annað	Birki	Greni	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Ártún					900	100	1000
Áshóll					100	90	190
Björg	18		105	18	895	105	1141
Einarsstaðir 2	20				1365	175	1560
Grýtubakki 1		160			1280		1440
Hallgilsstaðir				75	675	150	900
Háls	80					175	255
Hjaltastaðir			67		1396	70	1533
Hléskógar					1332	351	1683
Hrafnsstaðir	66				442	50	558
Landamót				9	633	70	712
Ófeigsstaðir					400	20	420
Rangá					301	20	321
Reykir 2					1780	590	2370
<b>Samtals</b>	<b>184</b>	<b>160</b>	<b>172</b>	<b>102</b>	<b>11499</b>	<b>1966</b>	<b>14083</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>46</b>	<b>160</b>	<b>86</b>	<b>34</b>	<b>885</b>	<b>151</b>	<b>1006</b>

### **Norður-Þingeyjarsýsla - skjólbelti**

Jörð	Annað	Birki	Greni	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Árdalur	72	47			236		355
Garður		142			1236	50	1428
Garður 1				35	1435		1470
Hóll	10	105		5	695	15	830
Lón 2					420		420
Sandfellshagi 2		45			595	79	719
Sveinungsvík					1222		1222
Ytra-Áland					105		105
Ytra-Lón					140		140
Ærlækur			23	23	973	35	1054
<b>Samtals</b>	<b>82</b>	<b>339</b>	<b>23</b>	<b>63</b>	<b>7057</b>	<b>179</b>	<b>7743</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>41</b>	<b>85</b>	<b>23</b>	<b>21</b>	<b>706</b>	<b>45</b>	<b>774</b>



## Skagafjarðarsýsla – Samantekt

Gerðir hafa verið 21 skógræktarsamningur, alls um 1145 ha.

Aldrei áður hafa verið gróðursettar jafn margar plöntur í Skagafirði og árið 2002. Gróðursett var í fyrsta sinn á 10 jörðum til viðbótar þeim sem þegar voru byrjaðir. Skógarstjarnan sem keypt var í fyrra var talsvert notuð til jarðvinnslu en sökum fjárskorts var ekki hægt að jarðvinna eins mikið og þurft hefði í haust. Flekkjað var á Kúskerpi, Krithól, Merkigarði, Neðri-Ás og Nautabúi. Slóðar voru lagðir í skógræktarsvæðunum á Silfrastaðum og Flugumýrarhvammi. Tvær jarðir voru kortlagaðar, Brekka og Melar.

### Skógrækt

Gróðursett var á 16 jörðum rúmlega 200.000 plöntur

#### Vorgróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Árgerði		1480			1520	4410	7410
Brimnes			2240		5680	175	8095
Dalsmynni			3800	520	4080	3710	12110
Egilsá	4	1				35	40
Engihlíð		400	1000	1000	1000	980	4380
Gautland			3000		7000		10000
Krithól 2		840	616	4200	18200	665	24521
Kúskerpi		1400		4000	2000		7400
Marbæli		2000	1280		7000	1995	12275
Melar		1000		1000	1000	1015	4015
Merkigarður			1000	2000	1960	4035	8995
Nautabú		2400	2000	3000	8000	1015	16415
Neðri-Ás 1		2000	2720	2720	4000	770	12210
Páfastaðir					3000		3000
Silfrastaðir		3600	1200	4800	17600	1750	28950
Syðri-Mælifellsá		840	160		2000		3000
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>15961</b>	<b>19016</b>	<b>23240</b>	<b>84040</b>	<b>20555</b>	<b>162816</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>4</b>	<b>1451</b>	<b>1729</b>	<b>2582</b>	<b>5603</b>	<b>1713</b>	<b>10176</b>


#### Haustgróðursetning

Jörð	Birki	Lerki	Samtals
Brennigerði	1008	1960	2968
Brimnes		3000	3000
Garðakot	600	3000	3600
Kúskerpi	1008		1008
Merkigarður		3000	3000
Neðri-Ás 1		4000	4000
Páfastaðir		10000	10000
Silfrastaðir	4992	20000	24992
Syðri-Mælifellsá	1008		1008
<b>Samtals</b>	<b>8616</b>	<b>44960</b>	<b>53576</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1723</b>	<b>6423</b>	<b>5953</b>

## Heildargróðursetning

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Árgerði		1480			1520	4410	7410
Brennigerði		1008			1960		2968
Brimnes			2240		8680	175	11095
Dalsmynni			3800	520	4080	3710	12110
Egilsá	4	1				35	40
Engihlíð		400	1000	1000	1000	980	4380
Garðakot		600			3000	0	3600
Gautland			3000		7000		10000
Krithóll 2		840	616	4200	18200	665	24521
Kúskerpi		2408		4000	2000		8408
Marbæli		2000	1280		7000	1995	12275
Melar		1000		1000	1000	1015	4015
Merkigarður			1000	2000	4960	4035	11995
Nautabú		2400	2000	3000	8000	1015	16415
Neðri-Ás 1		2000	2720	2720	8000	770	16210
Páfastaðir					13000		13000
Silfrastaðir		8592	1200	4800	37600	1750	53942
Syðri-Mælifellsá		1848	160		2000		4008
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>24577</b>	<b>19016</b>	<b>23240</b>	<b>129000</b>	<b>20555</b>	<b>216392</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>4</b>	<b>1891</b>	<b>1729</b>	<b>2582</b>	<b>7588</b>	<b>1581</b>	<b>12022</b>

## Skipting milli tegunda



## Skjólbeltarækt

Skjólbelti voru ræktuð á 8 jörðum í Skagafirði og áhuginn er vaxandi. Gerðar voru skjólbeltaáætlanir fyrir fjórar jarðir.

### Skjólbelti

Jörð	Annað	Birki	Greni	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Brúnastaðir					420		420
Dalsmynni	180			35	989	142	1346
Engihlíð				87	2870	262	3219
Garðhús		306	32		2972	75	3385
Melar			75		961	75	1111
Merkigarður					350		350
Nautabú				35	315		350
Neðri-Ás 1				35	895		930
<b>Samtals</b>	<b>180</b>	<b>306</b>	<b>107</b>	<b>192</b>	<b>9772</b>	<b>554</b>	<b>11111</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>180</b>	<b>306</b>	<b>54</b>	<b>48</b>	<b>1222</b>	<b>139</b>	<b>1389</b>

## Austur- og Vestur Húnavatnssýsla – Samantekt

Sjö skógræktarjarðir eru í Austur-Húnavatnssýslu alls um 580 ha svæði. Í Vestur-Húnavatnssýslu eru skógræktarjarðirnar sex og heildarsvæðið um 226 ha.

Gróðursett var í fyrsta sinn á sex jörðum. Þrjár jarðir voru kortlagðar og hefst gróðursetning þar á næsta ári.

### Skógrækt

#### Austur Húnavatnssýsla

##### Vorgróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Bakki	2120	40	1800	4560		8520
Hamar	8000	11940	13320	24100	4755	62115
Hof	2200	280	560	9200	315	12555
Kagaðarhóll		2000	2000	3000	1015	8015
Saurbær	2680			12360	420	15460
Stóra-Búrfell	1280	4680		3000	1190	10150
<b>Samtals</b>	<b>16280</b>	<b>18940</b>	<b>17680</b>	<b>56220</b>	<b>7695</b>	<b>116815</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>3256</b>	<b>3788</b>	<b>4420</b>	<b>9370</b>	<b>1539</b>	<b>19469</b>


##### Haustgróðursetning

Jörð	Birki	Lerki	Samtals
Hamar	2016	8000	10016
Hof	1008	4000	5008
Litla-Búrfell	2016		2016
<b>Samtals</b>	<b>5040</b>	<b>12000</b>	<b>17040</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1680</b>	<b>6000</b>	<b>5680</b>

##### Heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Bakki	2120	40	1800	4560		8520
Hamar	10016	11940	13320	32100	4755	72131
Hof	3208	280	560	13200	315	17563
Kagaðarhóll		2000	2000	3000	1015	8015
Litla-Búrfell	2016				0	2016
Saurbær	2680			12360	420	15460
Stóra-Búrfell	1280	4680		3000	1190	10150
<b>Samtals</b>	<b>21320</b>	<b>18940</b>	<b>17680</b>	<b>68220</b>	<b>7695</b>	<b>133855</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>3553</b>	<b>3788</b>	<b>4420</b>	<b>11370</b>	<b>1283</b>	<b>19122</b>

## Skipting milli tegunda




## Vestur Húnavatnssýsla

### Heildargróðursetning

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Samtals
Barkarstaðir		240	560	9000	245	10045
Brekkuhlækur				5040		5040
Dæli	1000	1160	2960	4800		9920
Fosshóll		2000		1920		3920
Gauksmýri	1600			2033		3633
<b>Samtals</b>	<b>2600</b>	<b>3400</b>	<b>3520</b>	<b>22793</b>	<b>245</b>	<b>32558</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>1300</b>	<b>1133</b>	<b>1760</b>	<b>4559</b>	<b>245</b>	<b>6512</b>

## Skipting milli tegunda



---

### **Skjólbeltarækt**

Vaxandi áhugi er fyrir skjólbeltarækt í Húnavatnssýslum. Lögð voru skjólbelti á 7 jörðum.

#### **Vestur – Húnavatnssýsla**

Jörð	Annað	Birki	Greni	Víðir	Ösp	Samtals
Bessastaðir		135		538	135	808
Gauksmýri	167	179	251	1569	52	2218
Miðhóp	420	160		316		896
Sólbakki	97	290		826		1213
Syðra-Kolugil	47	168	112	215	38	580
<b>Samtals</b>	<b>731</b>	<b>932</b>	<b>363</b>	<b>3464</b>	<b>225</b>	<b>5715</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>183</b>	<b>186</b>	<b>182</b>	<b>693</b>	<b>75</b>	<b>1143</b>

#### **Austur – Húnavatnssýsla**

Jörð	Annað	Birki	Greni	Reynir	Víðir	Ösp	Samtals
Hof	80		156	35	1306	193	1770
Eyjólfsstaðir	75	3					78
<b>Samtals</b>	<b>155</b>	<b>3</b>	<b>156</b>	<b>35</b>	<b>1306</b>	<b>193</b>	<b>1848</b>
<b>Meðaltal á jörð</b>	<b>78</b>	<b>3</b>	<b>156</b>	<b>35</b>	<b>1306</b>	<b>193</b>	<b>924</b>

## Fundargerðir Stjórnar Norðurlandsskóga

### 14. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga, Búgarði, 15. febrúar 2002

Mætt: Stefán Guðmundsson, Þorvaldur Böðvarsson, Davíð Guðmundsson, Sigurður Skúlason og Sigrún Sigurjónsdóttir

#### Dagskrá:

1. Kynning á stöðu mála og starfið framundan.
2. Niðurstöður fundar með landbúnaðarráðherra
3. Önnur mál

Stefán formaður setti fundinn og bauð fólk velkomið.

#### 1. Kynning á stöðu mála og starfið framundan.

Sigrún greindi frá stöðu mála.

Flest allt hefur gengið samkvæmt áætlun á nýju ári. Ólöf Sigurbjartsdóttir vann nokkra daga í janúar. Hún heimsótti bændur og gerði skjólbeltaáætlanir fyrir fjórar jarðir í V-Hún. ásamt fleiru.

Guðríður hefur lokið við “smíði” gagnagrunns fyrir Norðurlandsskóga. Einnig hafa þau Johan í sameiningu tengt grunninn við kortaforrit þannig að nú er hægt með mjög einföldum hætti að gera hin ýmsu kort sem tengjast áætlunum, s.s. tegunda- og jarðvinnslukort. Annars er verið að klára þróunarvinnu varðandi útlit korta og ræktunaráætlana í heild. Ráðgert er að allar áætlanir verði farnar út til bænda til umsagnar fyrir 15. mars og verði síðan fullkláraðar fyrir 15. apríl.

Valgerður hefur útbúið nýjan kynningarbækling (19 síður) og einnig var gerður minni bæklingur í tvíbroti. Heimasíðan er langt komin en það eru Guðríður og Johan sem vinna hana í sameiningu.

Pröstur Eysteinnsson er enn að vinna að sérstaka svæðisskipulaginu og verður vonandi búinn með sinn hluta fljótlega (miðað var við mánaðarmótin jan/feb.) en vegna anna hefur hann haft lítinn tíma aflögu.

Verið er að klára bókhaldið og verður það vonandi til fyrir næsta stjórnarfund.

Rætt var um starfið í sumar, stjórnarmenn voru sammála um að reynt yrði að kortleggja eins margar jarðir og starfsmenn komast yfir þannig að verkefnið verði tilbúið undir auknar fjárveitingar á næsta ári.

#### 2. Niðurstöður fundar með landbúnaðarráðherra

Stefán og Sigrún sögðu frá fundinum. Landbúnaðarráðherra boðaði formenn og framkvæmdastjóra landshutabundinna skógræktarverkefna á sinn fund þann 1. feb. s.l. . Niðurstaðan var að vinna svokallaða rammaáætlun fyrir verkefnin. Rammaáætlun mun fela í sér hvernig verkefnunum verði komið áfram, þ.e.a.s. uppbyggingarhraði verkefnanna. Norðurlandsskógar þurfa að taka ákvörðun um hvað

þeir telja hægt að setta sig við mörg ár í uppbyggingu. Upphaflega áætlunin sem var til 6 ára er að sjálfsögðu sprungin eftir að fjárveitingar brugðust á þessu ári. Rætt var um hvað langan uppbyggingartíma stjórn Nls gæti sætt sig við fyrir verkefnið. Stjórnarmenn voru sammála um að uppbyggingartíminn mætti ekki taka lengri tíma en 7 ár til viðbótar þannig að 2009 verði verkefnið komið á fullt skrið, þannig yrði uppbyggingartíminn 10 ár í stað 6 eins og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

### 3. Önnur mál

Tekið hefur verið tilboði Skógræktarfélags Eyfirðinga í plöntuframleiðsluna. Ekki hefur enn verið skrifað undir samning. Sigrún skýrði stjórnarmönnum frá nýrri túlkun á ákvæði í útboðinu um ábyrgð Nls. Ríkiskaup túlka ákvæði í útboði skógarplantna varðandi fjárveitingar þannig að það gildi bara frá útboði fram að undirskrift samnings. Stjórn Nls treystir á aukna fjárveitingu til verkefnisins, framkvæmdarstjóra falið að ganga frá undirritun framleiðslusamningsins við Skógræktarfélagið.

Tekin fyrir skógræktar- og skjólbeltaumsókn frá Auðkúlu 2 í Austur-Hún. Umræddur bóndi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar í skjólbeltarækt við Nls og ekki greitt þá reikninga sem honum ber þrátt fyrir ítrekanir. Stjórn Nls samþykkir að hafna umsókninni á framangreindum forsendum.

Spurt var um samningana. Alls hafa verið gerðir 84 samningar við skógarbændur, stærstur hluti þeirra hefur verið undirritaður af skógarbændum og eru komnir í landbúnaðarráðuneytið til staðfestingar.

Sigrún upplýsti að ekki verði af áformum um að Nls né aðrar stofnanir landbúnaðarins flytji í væntanlegt rannsóknarhús við Háskólann á Akureyri.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Valgerður Jónsdóttir ritaði fundargerð



## 15. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga, Búgarði, 13. maí 2002

Mætt: Stefán Guðmundsson, Þorvaldur Böðvarsson, Davíð Guðmundsson, Sigurður Skúlason og Sigrún Sigurjónsdóttir

### Dagskrá:

1. **Kynning á stöðu mála og starfið framundan.**
2. **Niðurstöður fundar með landbúnaðarráðherra**
3. **Afleysingarmál v. framkvæmdastjóra**
4. **Útgáfa fræðsluheftis**
5. **Staða svæðisskipulags**
6. **Grænni skógar og önnur námskeið**
7. **Samþykkt jarða vegna kortlagningar 2002**
8. **Önnur mál**
  - a. **Hlífðarfatnaður fyrir starfsfólk**
  - b. **Heimboð til Nls**

Stefán formaður setti fundinn og bauð fólk velkomið.

Stefán ræddi í upphafi um þá erfiðu fjárhagsstöðu sem verkefnið er í og leiðir til úrbóta. Fjárhagsmálin voru rædd vítt og breitt, ljóst er að endar koma ekki til með að ná saman á þessu ári að öllu óbreyttu.

### 1. Kynning á stöðu mála og starfið framundan.

Sigrún kynnti stöðu mála.

Unnið hefur verið að skógræktar- og skjólbeltaáætlunum í vor. Samtals hafa verið unnar 40 skógræktaráætlanir sem verða tilbúnar á næstu dögum. Þar að auki hafa verið kláraðar áætlanir sem unnar voru á sl. ári. Einnig hafa verið unnar 28 skjólbeltaáætlanir.

	Skógræktaráætlanir	Skjólbeltaáætlanir
Eyjafjörður	8	10
Þingeyjarsýslur	11	11
Skagafj. og Húnav.s.	21	7
Samtals	40	28

Haldin voru fjögur grunnnámskeið í skógrækt dagana 17.-30. apríl. Þau voru haldin á Blönduósi, Varmahlíð, Akureyri og Húsavík. Námskeið var einnig auglýst á Hvammstanga en það þurfti að sameina námskeiðinu á Blönduósi. Samtals mættu 42 skógarbændur á námskeiðin. Námskeiðin voru haldin í samvinnu við Garðyrkjuskóla ríkisins og Skógarþjónustu Skógræktar ríkisins á Norðurlandi. Með því að halda námskeiðin í gegnum Garðyrkjuskólann fæst styrkur frá Framleiðnisjóði

landbúnaðarins. Það er hins vegar spurning hvort hagstæðara sé fyrir Nls að halda þessi grunnnámskeið á eigin vegum og bjóða þau sem hluta af skógræktarframlaginu.

Þessa dagana er verið að vinna gróðursetningaráætlanir fyrir bændur. Verkið verður væntanlega langt komið um næstu helgi.

## **2. Niðurstöður fundar með landbúnaðarráðherra**

Sigrún greindi frá fundi sem hún átti með landbúnaðarráðherra 6. maí, ásamt öðrum framkvæmdastjórum landshlutaverkefnanna.

Tilfni fundarins var að ganga á ráðherra varðandi fjárveitingar þessa árs og rammamninginn sem gerð voru drög að í febrúar. Rammamningur var sagður vera í vinnslu en lítið hefði gengið.

Stjórnin leggur áherslu á að fjárlagatillögu verði skilað inn þrátt fyrir hugmyndir um rammamning sem lítið hefur verið á sem ígildi fjárlagatillögu.

Nauðsynlegt er að sækja í fjárukalög, þó ekki væri nema til að fá leiðréttingu vegna vísitöluhækkana.

Ræddir möguleikar á að hafa sameiginlega kynningu verkefnanna fyrir fjárlaganefnd.

Fundarmenn sammála um að sterkast væri að verkefnin kæmu fram sameiginlega í fjárlagabaráttunni.

Davíð kynnti ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Félags skógarbænda á Norðurlandi. Ályktunin gekk út á mótmæli vegna skertra fjárveitinga til Norðurlandsskóga og hefur verið send landbúnaðarráðherra.

## **3. Afleysingamál framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri fer í fæðingarorlof um miðjan júlí.

Sigrún fór fram á að fá hálf árs leyfi til viðbótar lögbundnu barnsburðarleyfi. Stjórn samþykkti einróma að framkvæmdastjóri taki árs leyfi.

Stjórn fór þess á leit við Valgerði Jónsdóttur að hún gegni stöðu framkvæmdastjóra í ársleyfi Sigrúnar og gangi inn í hennar launakjör. Það var samþykkt af öllum aðilum.

## **4. Útgáfa fræðsluheftis**

Sigrún greindi frá útgáfu fræðslubæklings sem settur verður inn í skógræktaráætlanamöppurnar. Einnig verða prentuð aukaeyntök til dreifingar.

Guðríður hefur að mestu unnið textann en hönnun og uppsetning var gerð hjá Stíl.

Styrkur fékkst upp á 330.000 frá Búnaðarbankanum á Akureyri til að standa straum af hönnunar- og prentunarkostnaði. Bæklingurinn er væntanlegur úr prentsmiðju í þessari viku.

## **5. Staða svæðisskipulags**

Sigrún skýrði frá stöðu mála.

Þröstur hefur lokið við sinn þátt og sent það til umsagnar til Skipulagsstofnunar. Þeir hafa ekki enn komið með athugasemdir en gefið grænt ljós á að senda það til Náttúruverndar ríkisins og Fornleifanefndar til umsagnar. Það verður gert á næstu dögum.

Sigrún ræddi um hvernig staðið yrði að útgáfu svæðisskipulagsins. Ljóst er að kostnaður við útgáfu er verulegur ef veglega verður að verki staðið. Stjórnin telur

mikilvægt að útgáfudrögin verði smekklega sett upp en kostnaði haldið í lágmarki (250-300 þúsund) Stefnt er að því að vandað verði til útgáfu loka eintaks svæðisskipulagsins.

## **6. Grænni skógar**

Valgerður kynnti áform um “Grænni skóga”.

Norðurlandsskógar höfðu í vetur samband við Garðyrkjuskóla ríkisins og óskuðu eftir samstarfi um námskeiðaröðina “Grænni skóga”

Námskeiðaröðin er í gangi hjá Suðurlandsskógum og hefur reynsla þeirra verið mjög jákvæð.

Grænni skógar verður samvinnuverkefni Norðurlandsskóga, Garðyrkjuskóla ríkisins, Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins.

Valgerður hefur komið að þessari vinnu f.h. Norðurlandsskóga og Brynjar f.h. Skógræktar ríkisins á Norðurlandi.

Grænni skógar er námskeiðaröð ætluð skógarbændum og stendur yfir í 3 ár. Námskeiðaröðin samanstendur af 14 helgarnámskeiðum og fá þáttakendur námið metið til eininga hjá Garðyrkjuskólanum.

Stefnt er að því að undirrita samstarfssamning um verkefnið í lok maí og áætlað er að fyrsta námskeiðið verði í haust.

Stjórnin samþykkti þátttöku Nls í Grænni skógum.

## **7. Samþykkt jarða vegna kortlagningar 2002**

Sigrún lagði fram lista með jörðum sem þarf að kortleggja í sumar.

Þetta eru rúmlega 30 jarðir. Það er eingöngu verið að tala um að kortleggja jarðirnar en ekki að taka þær formlega inn í verkefnið fyrir en meiri fjárveiting fæst. Nauðsynlegt er að kortleggja í sumar til þess að hafa næg verkefni fyrir svæðisstjórana næsta vetur. Samþykkt að taka formlega inn í verkefnið jarðirnar Hólsgerði og Kálfskinn/Ytri-Vík sem, höfðu fyrir misskilning orðið útundan við inntöku árið 2000.

Ákveðið var að kortleggja eins margar jarðir og hægt verður í sumar, þó verða jarðirnar ekki teknar formlega inn fyrir en séð verður fyrir um aukna fjárveitingu.

## **8. Önnur mál**

Starfsmenn Nls hafa rætt um að fá hlífðarfatnað skv. kjarasamningum. Um er að ræða vind- og vatnsheldan klæðnað sem hentar við útivinnu að sumarlagi.

Stjórnarmenn samþykkja að keyptur verði merktur hlífðarfatnaður fyrir starfsfólk og leggja áherslu á að samræmi verði haft í útliti klæðnarins. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.

Sú hefð hefur skapast að landshlutaverkefnin bjóði heim starfsmönnum hinna verkefnanna. Nls buðu heim s.l. haust með von um bættan fjárhag. Í ljósi erfiðar fjárhagsstöðu er ákveðið að fresta heimboðinu um eitt ár.

Samningur um jarðvinnslutæki:

Sigrún bar undir stjórnarmenn samning sem stendur til að gera við tvo skógarbændur um kaup og rekstur á vélflekkjara. Stjórnarmenn samþykkja samningsdrögin.

Stefnt að næsta stjórnarfundi eftir mánuð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

## 16. Stjórnarfundur Norðurlandsskóga, Búgarði 30.07.02

Mætt: Stefán Guðmundsson, Davíð Guðmundsson, Þorvaldur Böðvarsson, Sigurður Skúlason, Valgerður Jónsdóttir

### Dagskrá:

1. Ársreikningur
2. Vinnureglur varðandi skógræktarframkvæmdir
3. Fjármálin
4. Starfið framundan
5. Önnur mál

Stefán formaður setti fundin og bauð fólk velkomið. Gengið til dagskrár.

### 1. Ársreikningur 2001

Norðurlandsskógar fóru fram á að ríkisendurskoðun endurskoðaði reikninga ársins 2001. Ríkisendurskoðun hefur nú skilað endurskoðuðum ársreikningi. Farið var í gegn um reikninginn án athugasemda og hann undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra. Greinargerð ríkisendurskoðunar var rædd þar komu fram nokkrar léttvægar athugasemdir varðandi færslu bókhalds sem verða lagfærðar. Von er á fulltrúum ríkisendurskoðanda í haust.

### 2. Vinnureglur varðandi skógræktarframkvæmdir

Stjórnarmenn höfðu kynnt sér drög að reglum sem unnar hafa verið af Guðríði og Valgerði. Markmið vinnureglanna er að Norðurlandsskógar og skógarbændur hafi skýrar reglur til að vinna eftir varðandi framgang og framkvæmdir skógræktarinnar. Nokkrar umræður urðu um vinnureglurnar og voru menn sammála um að slíkar reglur væru nauðsynlegar til að ferli og framkvæmdir væru samræmd og öllum ljóst frá upphafi skógræktar. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og starfsmönnum að ganga endanlega frá vinnureglum sem yrðu síðan bornar upp til samþykktar á næsta stjórnarfundum.

### 3. Fjármálin

Valgerður fór í gegn um stöðu fjármálanna.

Ljóst er að endar koma ekki til með að ná saman á þessu ári að óbreyttu. Allar áætlanir gerðu ráð fyrir 80 mkr. fjárveitingu en raunin varð 50 mkr. Landbúnaðarráðherra hefur ítrekað lofað leiðréttingu á fjárveitingunni og unnið er að langtíma rammasamningi en engar niðurstöður í þessum málum eru sjáanlegar.

Fundarmenn voru sammála um nauðsyn þess að sækja í aukafjárlög og samþykkt var að Stefán og Valgerður færu á fund formanns fjárlaganefndar.

Stefán ræddi um nauðsyn þess að kynna verkefnið og vinna að því að fá langtíma fjárveitingasamning samþykktann. Stefán stakk upp á að formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra Bændasamtakanna yrði boðið til fundar til upplýsinga og kynningar á verkefninu. Það var samþykkt samhljóða og var framkvæmdastjóra og formanni falið að boða til fundarins í september mánuði.

### 4. Starfið framundan

Vorgróðursetningum er lokið og hafa þær gengið vel, alls hafa verið gróðursettar um 500.000 plöntur í vor og í haust er áætlað að gróðursetja um 220.000 plöntur.

Unnið er að kortlaggningu á þeim jörðum sem ákveðið var að kortleggja í sumar í trausti þess að fjárveitingar aukist næsta ár.

#### **5. Önnur mál**

Valgerður upplýsti að áhugi fyrir námskeiðinu “Grænni skógar” er mjög mikill og hafa þegar 26 manns skráð sig en hámark þátttakenda var í upphafi miðað við ca. 25 manns. Fyrstu námskeiðin verða nú í haust.

Þorvaldur ræddi um forgangsröðunarreglur, hvort ástæða væri til að endurskoða þær. Nokkrar umræður urðu um þau mál en engin ákvörðun tekin um endurskoðun

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundargerð ritaði Valgerður Jónsdóttir

## 17. stjórnarfundur Norðurlandsskóga, Búgarði 10. október 2002

Mættir til fundarins, allir stjórnarmenn ásamt framkvæmdastjóra. Guðrífður Baldvinsdóttir ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Umsóknir inn í verkefnið
2. Leigusamningur vegna svæðisskrifstofu á Húsvík
3. Fjármálin
4. Stofnanasamningur NLS og FÍN
5. Erindi Hagfélagsins dags 14/8 2002
6. Önnur mál
  - a. Árangur gróðursetningar í vor
  - b. Svæðisskipulag

Framkvæmdastjóri afhenti stjórnarmönnum áritaða af ríkisendurskoðun, ársreikninga NLS fyrir árið 2001.

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Valgerður fór yfir samantekt umsókna í verkefnið. 89 aðilar eru á biðlista. Framkvæmdarstjóri álitur að staðan hafi borist út og það dragi úr nýjum aðilum að sækja um, þannig að í raun sé staðan verri. Kortlagðar voru milli 20-30 jarðir í sumar. Stefán spurði hve marga samninga ráðuneytið hefði staðfest, Valgerður sagði að þeir væru um 90. Stjórn felur Valgerði að svara þeim sem sótt hafa um þegar fjárlög hafa verið samþykkt.
2. Búið er að flytja svæðiskrifstofu Þingeyinga til Húsavíkur, Valgerður greinir frá ástæðum flutnings, og lagði fram leigusamning. Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.
3. Valgerður greinir frá því að frágengið sé að við fáum 6 millj á aukafjárlögum. Eftir á að greiða gróðursetningu og girðingaframlög og jarðvinnslu. Ljóst er að það verður fjárvöntun um áramót. Rætt um fjárlagahorfurnar og aðgerðir. Framkvæmdarstjóri og formaður fara á fund í næstu viku þar sem samræmdar verða aðgerðir með verkefnunum. Rætt um fjárlagafrumvarpið. Stjórn sammála um að eyða yrði þeirri óvissu sem stöðugt er varðandi fjármál verkefnanna hvort sem það verður með rammasamningi eða öðrum aðferðum. Rætt um að virkja samtök sveitarfélaganna til að þrýsta á þingmenn og fjárlaganefnd.
4. Stofnanasamningur NLS og FÍN. Allir starfsmenn NLS eru félagar í FÍN. Framkvæmdastjóri lýsti sig vanhæfa til að ganga frá samningun og bauðst til að víkja af fundi meðan samningur yrði ræddur. Stjórnarmenn töldu það ekki nauðsynlegt og voru allir samþykkir samningnum. Stjórnarformanni falið að undirrita samningin af hálfu stjórnar
5. Tekið fyrir erindi Hagfélagsins varðandi beiðni um samstarf um Fræðsluskóg í Húnaþingi vestra. Um er að ræða landspildu í landi Gauksmýrar sem er innan samningsbundins svæðis Nls. Landeigendur hafa lýst áhuga á að taka þátt í verkefninu. Samstarfið myndi einkum felast í ráðgjöf og hönnun svæðis, ekki

yrði um fjárframlög að ræða af hálfu Norðurlandsskóga. Stjórn tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra að svara því þannig.

6. Önnur mál

- a. Svæðisskipulag: Framkvæmdastjóri skýrði frá því að borist hefðu athugasemdir frá Skipulagsstofnun sem unnið er að því að svara, einnig bárust athugasemdir frá Náttúruvernd ríkisins.
- b. Vorgróðursetningar: Framkvæmdastjóri upplýsti að lerkiplöntur afhentar frá Gróðrarstöðinni Barra í vor hefðu verið með lerkibarrfelli og afföll því verið afar mikil. Framkvæmdastjóri Barra hefur kynnt sér ástandið og unnið er að samkomulagi um bætur. Framkvæmdastjóra falið að krefjast bóta vegna þeirra plantna sem hafa drepist.
- c. Davíð las upp tillögu frá aðalfundi LSE að Núpi í Dýrafirði: *Aðalfundur LSE haldinn á Núpi þann 10. ágúst 2002 skorar á fulltrúa skógarbænda í stjórnnum landshlutaverkefnanna að þeir beiti sér fyrir því að í útboðum á skógarplöntum verði þess gætt að búnaðarsjóðsgjald skili sér til búgreinarinnar.* Verið er að vinna að því að búnaðargjaldshlutinn til búgreinasambandsins sem í þessu tilfelli er 0,45% yrði 0,8%. Davíð vill fá stuðing stjórnar og aðstoð framkvæmdastjóra til að vera eftirlitsaðili til þess að búnaðargjaldið skili sér til landsamtakanna frá Gróðrarstöðvunum. Framkvæmdastjóri upplýsti að upplýsingar um fjölda afgreiddra skógarplanta frá hverri stöð fyrir árið 2001 hefði verið sent LSE að þeirra beiðni, jafnframt hefur framleiðendum verið tilkynnt að þetta hafi verið gert. Stjórn sammála um mikilvægi þess að gjöldin skili sér frá framleiðendum.
- d. Framkvæmdastjóri upplýsti að erindi NLS frá byrjun ágúst til formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra Bændasamtakanna varðandi beiðni um sameiginlegan fund hefur ekki verið svarað af hálfu Bændasamtakanna.

Fleira ekki bókað, fundi slitið.

## 18. stjórnarfundur Norðurlandsskóga, Búgarði 11. desember 2002.

Mætt: Stefán Guðmundsson, Sigurður Skúlason, Þorvaldur Böðvarsson, Guðmundur Gunnarsson (varamaður Davíðs Guðmundssonar) og Valgerður Jónsdóttir framkvæmdarstjóri.

Dagskrá:

1. **Fjármálin**
2. **Intaka nýrra jarða**
3. **Plöntukaupasamningar**
4. **Ársskýrslur 2000 og 2001**
5. **Önnur mál**

### 1. **Fjármálin**

Valgerður gerði grein fyrir stöðu fjármálanna í dag. Ljóst er að ekki tekst að ná saman endum á þessu ári, þó verður halli ársins ekki eins mikill og óttast var í upphafi þessa árs. Stjórnin heimilar framkvæmdarstjóra að fara fram úr fjárveitingu allt að 4%.

Valgerður og Stefán skýrðu frá fjárlagabaráttunni nú í haust. Við útgáfu fjárlaga voru verkefninu aðeins ætlaðar 60 mkr. á næsta ári, hefði það orðið niðurstaðan væri verkefnið í algjöru uppnámi. Með samstilltu átaki forsvarsmanna Norðurlandsskóga og fjölmargra annara aðila sem fólst í þrýstingi á stjórnvöld tókst að fá fjárveitinguna hækkaða upp í 90 mkr. Þetta er mjög ásættanleg niðurstaða sem gerir það að verkum að hægt verður að halda áfram að byggja upp verkefnið og sinna aðkallandi verkefnum sem setið hafa á hakanum á þessu ári sökum fjárskorts, þó er þessi fjárveiting talsvert undir þeim áætlunum sem voru gerðar við upphaf verkefnisins þannig að ennþá verður biðlisti í verkefninu talsverður.

Valgerður kynnti drög að fjárhagsáætlun næsta árs. Stjórnin samþykkir áætlunina.

### 2. **Inntaka nýrra jarða**

Á fundi síðasta haust voru 31 jarðir teknar inn með fyrirvara um fjárveitingu. Þessum aðilum var síðan skrifað og greint frá því að þeir yrðu að bíða enn um sinn. Kortlagt var í sumar þannig að flestar jarðirnar eru tilbúnar að byrja. Víða á enn eftir að girða þannig að gróðursetning getur ekki hafist allsstaðar fyrr en næsta vor. Valgerður lagði fram lista með jörðum sem hún leggur til að gerðir verðir samningar við.

Stjórnin samþykkir að taka inn eftirfarandi jarðir:

Jörð	Sýsla
Ártún	S-Þing
Bakki	A-Hún.
Barð	V-Hún
Brekka	Skagafirði
Engi	S-Þing
Engidalur	S-Þing



Fellshlíð	S-Þing
Fosshóll	V-Hún
Garður	N-Þing.
Gerði	Eyjafirði
Hallgilsstaðir	S-Þing
Kjölur/Núpar	S-Þing
Knútsstaðir	S-Þing
Lón II	N-Þing.
Lundabrekka	S-Þing
Lækjamót	V-Hún
(Núpar)	S-Þing
Ófeigsstaðir	S-Þing
Smjörhóll	N-Þing.
Stóra-Búrfell	A-Hún.
Tungunes	S-Þing
Víðivellir	S-Þing
Æsustaðir	A-Hún.
Núpadalstunga	V-Hún
Víðfell	S-Þing
Melar	Skagaf.
Sandfellshagi 2	N-Þing
Gilhagi	N-Þing
Kroppur	Eyjafirði
Stekkjjarflatir	Skagaf.
Ytri-Vík	Eyjafirði

Áður hafði stjórn gefið óformlegt samþykki fyrir inntöku jarðanna Bakka og Stóra-Búrfells A-Hún, Fosshóls V-Hún og Lóns II, N-Þing. Þegar hafa verið gerðir samningar við þessar jarðir og samþykkir stjórn þá.

### 3. Plöntukaupasamningar

Samningar eru í gildi við Barra og Kjarna. Samningur við Grísará er útrunninn og verða afhentar síðustu plönturnar þaðan næsta vor. Stjórnin samþykkir að samningar við Kjarna og Barra verði framlengdir óbreyttir til eins árs og felur framkvæmdarstjóra að undirrita samningana.

### 4. Ársskýrslur 2000 og 2001

Valgerður lagði fram ársskýrslur fyrir árin 2000 og 2001.

Fleira ekki gert, fundi slitið.